

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955, sbr. lög nr. 84 31. maí 1976 öðlast þegar gildi og koma ákvæði hennar til framkvæmda frá og með 1. janúar 1977.

Fyrir innheimtu á árinu 1976 skulu innheimtulaun greidd eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga nr. 92/1955 eins og hún var áður en henni var breytt með lögum nr. 84/1976.

Þrátt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal engin innheimtumanna ríkis-sjóðs missa meira en helming þeirra innheimtulauna, er hann hefði haft skv. eldri reglum vegna innheimtu á árinu 1977.

Fjármálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Dorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um önnur form eða breytingar á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn, og er skráningargjald þá kr. 5 000.00.

Þegar sótt er að nýju um skráningu sérlyfs, sem áður hefur verið hafnað, skal greiða skráningargjald að upphæð kr. 5 000.00 og er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 000.00, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt 7. og 8. gr. renna í sérlyfjasjóð samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga. Skal þeim skipt þannig að skráningargjöld samkvæmt 7. gr. verði notuð til að standa straum af kostnaði við störf lyfjanefndar en árgjöld samkvæmt 8. gr. til að standa straum af kostnaði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, sbr. og 2. og 3. gr. laga nr. 85 25. maí 1976 um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I greiðir samlagsmaður fyrstu 325 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 650 krónurnar, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sama gildir um óskráð sérlyf, sem flutt er inn samkvæmt undanþágu sbr. 3. málsg. 54. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Ráðuneytið gefur út skrá yfir slík undanþágulyf.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk, er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.